

Baráttan um kvöldu konurnar. Ofbeldisstjórnsmál og ofbeldisiðnaður

Úlfar Þormóðsson, rithöfundur, skrifaði fróðlega grein um ofbeldisstjórnsmál líðandi stundar. Nú vilja allir Lilju kveðið hafa. Ástarjátningar flokkanna til „þolenda“ eru grátbroslegar. Vinstri græn, Sósíalístaflokkurinn (Sósarnir), Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn berjast um hituna, atkvæði „mee-too“ hreyfingarinnar. Lítið heyrir enn sem komið er frá Viðreisn, en flokkurinn sá vill ólmur koma á einhvers konar evrópski fóstureyðingamiðstöð á Íslandi til að frelsa konur Evrópu enn betur og spyrna gegn kynfólsku karla.

Hugmyndafræði „mee-too“ byltingarinnar, sem útvarp allra landsmanna svo kallar, þ.e. í hnotskurn kennisetningin um vonda karla, sem svívirða konur, er enn þá hluti stjórnarstefnunnar. Því er viðbúið, að yfirboð annarra stjórnsmálaflokka til kvaldra kvenna séu róttæk. „Ljóti karlinn“ eða karldjöfullinn er allt um kring.

Samkvæmt Úlfari bjóða Sósarnir, að „[s]etja á laggirnar sérstakt ofbeldiseftirlit sem rannsakar eftir ábendingum eða eigin frumkvæði vinnustaði, skóla og opinbera staði. Eftirlitið muni þannig hafa vald til að bregðast við þar sem sýnt er að ofbeldi og/eða áreitni viðgengst. Þá verði eftirlitinu heimilt að fjarlægja ofbeldismenn, svipta staði starfsleyfi og beita öðrum leiðum til að tryggja starfsfólki, nemum og gestum öryggi. Einnig segir um téð eftirlit að því muni bera að einbeita sér sérstaklega að þeim stöðum þar sem valdaójafnvægi er mikið, vegna tekjumunar, aldursmunar eða ólíks uppruna, stöðu eða valds.“

Það er ekki ljóst, hvort sameina eigi eftirlitsstofnanir á borð við Vinnueftirlitið og barnaverndina í eina stofnun, t.d. innar löggæslunnar. Allt er ofangreint reyndar í fullu gildi, nema það, sem að starfsleyfi snýr.

Sósarnir gæla greinilega við skylda hugmynd, því þeir ætla að „[s]etja á laggirnar sjálfstæða lög-reglu- og ákærustofnun með hæfu starfsfólki sem sérhæfi sig í rannsókn og málsmeðferð kynferðisofbeldismála, lagi rannsóknaraðferðir að þörfum þolenda og alvarleika málanna. Þannig á stofnunin að geta styrkt málarekstur sinn fyrir dómstólum og sömuleiðis stuðning við brotaþola fyrir og eftir málflutning og meðan á honum stendur.“

Það er þegar til vísir að slíkri lögreglustofnun á Íslandi. Einn frumkvöðlana er nú Ríkislögreglustjóri, ráðinn af Sjálfstæðisflokknum. Grundvallarfyrirmyndirnar koma krókaleiðir frá Austurríki, en eru skilgetin afkvæmi kvenfrelsara Bandaríkja Norður-Ameríku (Duluth model). En þar er heill her kvenna á launum hjá opinberum aðiljum og auðvaldssjóðum, sem brauðfæðir sig við að semja og dreifa áróðri, ósjaldan með vísindi og fræði að yfirvarpi. Við slíka löggæslu skal fjarlægja ofbeldismann (les: karl) af heimili sínu fyrir orð „þolanda.“ Einnig er heimilt að vista börn hans á Kvennaathvarfi. Sérstök þjálfun lögreglumanna í ofbeldiskvenfrelsunarfræðum eru gömul tíðindi.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku tíðkast að dæma karla til ofbeldisendurhæfingar á námskeiðum eða í búðum, þar sem þeim eru kennd kvenfrelsunarofbeldifræði. Það er reyndar gert í ofbeldisvarnarskyni við háskóla og nú við einn framhaldsskóla á Íslandi. Ámóta endurhæfing á ofbeldiskörlum er einnig kunn í Evrópu, Ísland þar með talið.

Íslensku Sósarnir ætla – samkvæmt Úlfari – að gera enn betur: „Koma á fót „heimili fyrir brota-menn“ sem beita sambylifsfolk sitt, fjölskyldur og maka ofbeldi. Þannig skulu þeir fjarlægðir af

heimilum sínum og á hið þar til gerða heimili. Fulltrúar „ofbeldiseftirlits“ mæti ætíð á vettvang heimilisofbeldis auk barnaverndaryfirvalda, búi börn við aðstæður þar sem ofbeldi þrífst.“ Þetta snjallræði hefur Samfylkingunni enn ekki hugkvæmst og ei heldur sitjandi kvenfrelsunarríkisstjórn, sem styrkir atvinnulífið í landinu, spornar gegn atvinnuleysi og gerir líf „þolenda“ bærilegra með stofnun og rekstri sífellt fleiri athvarfa og ofbeldismiðstöðva í anda kvenfrelsunarofbeldisfræða og kenningarinnar um sjúka ást og eitraða karlmennsku.

Sósarnir ætla sér að slá vopnin úr höndum keppinautanna á ofbeldismarkaðnum, m.a. Framsóknarflokki. Þeir ætla nefnilega að „[þ]róa námsefni um kynjafræði, kynferðisofbeldi og annað ofbeldi og innleiða fyrir alla árganga leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þá verði unnið fræðsluefni fyrir allan almenning.“

Ætli þeir leggi niður núverandi nefnd undir forustu hins hálfþrítuga lögfræðinema og „þolanda“, Sólborgar Guðbrandsdóttur, í umboð Lilju Alfreðsdóttur, Framsóknarmenntamálaráðherra. Ætli þeir þekki öll endurmenntunarrit, sem samin voru fyrir hina ýmsu geira hins opinbera fyrir nokkrum árum síðan? Það mætti hrista af þeim rykið og spara skattpening.

Samfylkingin og Sósíalístaflokkurinn eru sammála um það, að „[t]ryggja brotapolum meðferð við áföllum sínum. Greiða skal sanngirnis- og miskabætur úr opinberum sjóðum til þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi og skaða og ekki geta sótt slíkar bætur í einkamálum. Bótanefnd miði við lægri sönnunarkröfu en reyndin er í sakamálum.“ Orðið, brotapolí“ er hér notað í merkingunni, sakaráberi eða ákærandi.

Enn þá hefur hugmyndafræðisveit Sósanna ekki hugkvæmst – eins og sams konar sveit Samfylkingarinnar – að kynna „mee-too“ orlofið. Sérhver kona, sem ber sig illa og kærir karl fyrir kyndónaskap, getur átt von á orlofsgreiðslu til viðbótar húsmæðraorlofi sínu. Sósunum hugkvæmdist heldur ekki að lofa hvíldar- og meðferðarstofnunum fyrir „mee-too“ konurnar. En það gerir Samfylkingin.

Jafnvel þótt Bjarni Ben II hafi lýst því yfir, að kvenfrelsun sé leiðarljós Sjálfstæðisflokksins í (nær) öllum málum og hinn ungi dómsmálaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, „einn efnilegasti stjórnmalamaður Íslendinga“, að hans sögn, hasli sér nú völl á ofbeldissviðinu og lofi „þolendum réttarbótum“, verður flokkurinn að spýta í lófana til að yfirbjóða samkeppnisflokkana.

Sósarnir gera sér grein fyrir, að allt þetta kosti, jafnvel þótt það minnki atvinnuleysi. Því „ætla þeir líka að stórauka skattheimtu á eignir, erfðir og fjármagnstekjur og innleiða þannig, já, „innleiða meiri kærleika, sátt og réttlæti“ svo notuð séu þeirra eigin orð.“ En þeir gætu eins og Bjarni og Katrín bara tekið lán.

Vonandi geta lesendur tekið heils hugar undir með Úlfari: „Er ekki bara bjart framundan?“

https://kjarninn.is/skodun/kaerleikurinn-sosinn-minn-kaerleikurinn/?fbclid=IwAR0n8heh5vl-V_WFSgIYATKrDIq04U5LN3sKD_wD-CMiZEww0li1482QVgM